



Auðarskóli
Ábyrgð - Ánægja - Árangur

Opið áhugasviðsval

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2016

Ábyrgðarskóli: Auðarskóli
Verkefnisstjóri: Linda Traustadóttir

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs skólaárið 2015 – 2016

Upplýsingar um styrkþega

Nafn skóla: Auðarskóli Dalabyggð

Nafn verkefnis: Opið áhugasviðsval

Nafn verkefnisstjóra: Linda Traustadóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn var að auka valfrelsi nemenda í 8. – 10 bekk og aðlaga þannig nám sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform.

Undirmarkmið:

- Að nemendur geti valið verkefni sem tengjast áhuga þeirra
- Að nemendur læri að þekkja áhugasvið sín
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt á eigin ábyrgð
- Að nemendur geti skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi
- Að nemendur geri sér grein fyrir hvernig þeir geti hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Um var að ræða afar opið námsfyrirkomulag þar sem hlutverk kennara var að vera á hliðarlínunni og aðstoða nemendur við að læra það sem þá langar. Ákveðnu verklagi var síðan fylgt varðandi undirbúning, vinnu og skil á verkefnum. Þeir kennarar sem heldu utan um verkefnið hittust reglulega á samráðsfundum og lykilatriði var að hafa ákveðinn ramma utan um svona opið verkefni.

Í Auðarskóla eru um það bil 30 nemendur í 8. -10. bekk og verkefnið byggði á því að tvær kennslustundir á viku fengu þeir að velja sér verkefni, hver fyrir sig, eftir áhugasviði sínu. Nemendur fylltu út sérstakt eyðublað þar sem þeir lýstu í stuttu máli því verkefni sem þeir ætluðu sér að vinna að hverju sinni. Kennari studdi nemendur í þekkingarleit og við framkvæmd verkefna. Hann las yfir verkefnalýsingu, gaf góð ráð og samþykki sitt fyrir þessu ákveðna verkefni. Nemendur skrifuðu í sérútbúna dagbók framvindulýsingu um allt það sem áunnið hafðist í verkefninu í hverri viku. Kennari kvittaði síðan fyrir það jafnóðum. Þegar verkefni lauk var því skilað með skriflegri skýrslu til kennara, eða á annan hátt s.s. myndband, ritgerð eða glærुकynningu. Einnig áttu nemendur að senda verkefni sitt í tölvupósti til foreldra sinna. Nemendur söfnuðu verkefnum sínum saman í þar til gerða möppu og þar geymdu þeir einnig dagbókina sína. Umfang verkefna var mjög mismunandi. Stór og umfangsmikil verkefni tóku nokkrar vikur meðan önnur verkefni, smærri í sniðum, voru unnin á viku.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun verkefnis gekk eftir að öllu leyti.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Mikið álag var á tölvustofu skólans þessar tvær kennslustundir á viku sem opið áhugasviðsval stóð yfir. Þar leituðu nemendur ýmissa upplýsinga, fylltu út eyðublöð, unnu verkefni og skrifuðu að lokum skýrslur um verkefnin. Svo eru nemendur auðvitað eins misjafnir og þeir eru margir og þetta opna fyrirkomulag hentaði ekki öllum.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Hægt er að nefna nokkra þætti sem telja má til ávinnings með þessu verkefni fyrir nemendur í Auðarskóla.

Nemendur uppskáru aukið námsval í 8. – 10 bekk sem oft er erfitt við að eiga í fámennum skólum.

Nemendur sýndu aukna ábyrgð á eigin námi og um leið aukna hæfni til þess að vinna sjálfstætt. Þetta gerðist auðvitað hægt og rólega en þó með vel sýnilegum árangri.

Nemendur öðluðust aukna vitund um eigin áhugasvið og einnig dýpri þekkingu, leikni og hæfni á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Skipulag og framkvæmd á verkefninu gekk mjög vel. Nemendur voru almennt ánægðir með þessi nýju tækifæri og kennarar sáu nemendur sína blómstra á nýjum sviðum. Verkefnið hafði einnig áhrif á skólabraginn í heild sinni, foreldrar sýndu þessu áhuga og yngri nemendur urðu spenntir að komast á unglíngastig og fá að fara í áhugasviðsval.

Niðurstöður verkefnisins

Þegar farið var af stað með áhugasviðsval sem þróunarverkefni áttu nemendur í nokkrum erfiðleikum með að finna sér verkefni og í framhaldi af því að vinna sjálfstætt. Nemendur þekktu vel áhugasvið sín en höfðu ekki hugmyndaflug né leikni til þess að nýta sér þau í verkefnavinnu. Það var því töluverð áskorun fyrir kennara að hjálpa nemendum að kafa eftir dýpri þekkingu á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra og síðan að tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð. Að sama skapi var því ánægjulegt og þakklátt að fylgjast með nemendum uppgötva aukna möguleika sína í námi.

Nemendur kunnu fljótt vel að meta aukið námsval í skólanum og þá sérstaklega hvað list- og verkgreinar snerti. Þar blómstruðu margir nemendur og þá sérstaklega þeir nemendur sem eiga undir högg að sækja í bóklegum greinum almennt. Töluvert eftirlit þurfti að hálfu kennara við að fá nemendur til þess að taka ábyrgð á verkefni sínu, s.s. velja verkefni við hæfi, velja krefjandi verkefni, lesa og fylgja leiðbeiningum, ganga vel um verkgreinastofurnar og að ganga vel frá efnunum og áhöldum eftir sig. Svo þegar nemendur gerðu sér að fullu grein fyrir þeirra eigin ábyrgð á framgangi verkefna var eftirtektarvert hvað nemendum fór fram við að tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur voru fljótir að komast upp á lag með að skrifa í dagbók eftir hvern tíma og fylla út sjálfsmatið sem því fylgdi en það að gera skýrslu um hvert verkefni reyndi mjög á þolrifin hjá þeim. En þó svo að skýrsluskrifin hafi farið erfiðlega af stað mátti fljótt sjá miklar framfarir hjá flestum nemendum og þessi vinna skilaði sér líka inn í aðrar námsgreinar sem aukin leikni í upplýsingatækni, ritunar – og ritgerðarvinnu. Að vori velja nemendur í Auðarskóla nokkur verkefni, úr hinum ýmsu námsgreinum, sem þeir eru sérstaklega ánægðir með og setja í svokallaða ferilmöppu. Það er gaman að segja frá því að mjög oft urðu verkefni úr áhugasviðsvali fyrir valinu.

Þetta þróunarverkefni mun hafa áhrif á skólastarf í Auðarskóla sem hér eftir hefur tækifæri til að bjóða upp á aukið námsval í 8. – 10. bekk. Áfram verður því boðið upp á opið áhugasviðsval í Auðarskóla.

Með þessu þróunarverkefni var lagður grunnur að góðri nálgun á samþættingu list – og verkgreina annars vegar og bóklegra greina hins vegar. Þegar á heildina er litið tel ég að markmiðin með verkefninu hafa náðst að fullu þó vissulega henti þetta frjálsta val og opnu vinnubrögð ekki öllum nemendum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Lokaskýrsla um verkefnið verður birt á heimasíðu Auðarskóla en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvernig verkefnið verði kynnt annars staðar á landinu.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Fyrir hönd starfsfólks og nemenda Auðarskóla vil ég þakka stjórn Sprotasjóðs kærlega fyrir styrkveitinguna. Þetta þróunarverkefni gaf okkur tækifæri til að gefa áhugasviðum nemenda rými í skólastarfinu og þannig gafst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Dagsetning:

18. nóvember 2016

Undirskrift verkefnisstjóra:



Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla:

